## Gróðurhús á Útverkum

Landnúmer: 166499
Staðgreinir: 8720-02-00082000
Fastanúmer: 2202123
Brúttóflöttur húss: 80m2
Brúttórúmmál húss: 321,6m3
Stærð á jörð: 171ha

Sótt erum leyfi til að reisa gróðurhús austanmegin við íbúðarhúsið á Útverkum. Húsið er skilgreint "svalt" með lítilsháttar einangrun og gólfhita til að halda hitastigi yfir frostmarki yfir vetrarmánuðina. Gróðurhúsið verður notað til að rækta grænmeti í matjurtarkössum og plöntur/ávaxtatré í stórum pottum.

Gengið er inn um vesturhlið gróðurhússins. Til norðurs er föst innrétting með handlaug og neysluvatnskrana. Norðanmegin við eyjuna er borðstofuborð og kamína á norðurgafli. Í suðurhluta hússins er gróðursvæði með vatnskrana sem hægt er að tengja garðslöngu við til að vökva gróður og spúla gólfið.

**Burðarkerfi og byggingarefni**
Burðarvirki hússins er járnbent steinsteypa með áföstum stálrömmum og langböndum úr holprófílum. Allt stálvirkið er heitgalvanhúðað. Húsið stendur á 5m þykkum malarpúða.

**Frágangur útveggja**
Útveggir eru steyptir upp í 60cm hæð, nema norðurgafl sem verður að hluta til 250cm á hæð. Sjónsteypa með lóðréttri borðaáferð utanverðu og á innaverðum gafli til norðurs. Ofan á steyptu veggina er ál-gluggakerfi með útidyrahurð til vesturs og opnanlegum gluggum allan hringinn. Gluggar eru glerjaðir með einföldu gróðurhúsagleri. Útihurð er með hertu öryggisgleri. Álprófílar verða í gráum lit sem passar við galvaniseraða stálvirkið.

**Frágangur þakvirkis**
Þakvirki er hefðbundið risþak með 30°halla og gert úr stálsamlokueiningum. Ytra yfirborðið er klætt bárujárni, hallar niður til austur og vesturs og með þakrennur eftir endilöngu. Þak verður svartlitað eins og aðliggjandi hús.

**Einangrun**
Undir gólfplötu og á sökklum er 100mm frauðplasteinangrun. Á þaki eru stálsamlokueiningar með um 80mm steinullareinangrun.

**Frágangur gólfa**
Vélslípuð gólfplata með innsteyptri hitalögn og 5 stk gólfniðurföllum.

**Lagnaleiðir**
Inntaksskápur fyrir lagnir er staðsettur undir sólbekk við útidyrahurð. Allt afrennsli frá hitaveitu, frárennsli frá skálanum, þakniðurföllum og niðurföllum í stétt utanhúss rennur út í nærliggjandi skurð.

**Upphitun**
Skálinn er hitaður með gólfhitakerfi.

**Loftræsing**
Náttúruleg loftræsing um opnanleg fög og útihurð.

**Brunavarnir**
Stakur reykskynjari með hljóðgjafa staðsettur í miðju skálans. Handslökkvitæki staðsett við útidyr.

**Tæknibúnaður**
Opnanleg fög með sjálfvirkri stýringu svo hægt sé að stjórna hita/raka til að viðhalda kjöraðstæðum fyrir ræktunina.

**Eldstæði**
Á norðurgafli hússins er staðsett kamína úr pottjárni framan við steyptan vegg. Eldstæðið er tengt reykháfi úr stáli sem gengur lárétt út um vegginn og nær efsti hluti hans um 80cm yfir mæni þaksins.

**Frágangur lóðar**
Hellulögð stétt á milli íbúðarhúss og skála.



Afstöðumynd 1:500



Grunnmynd
(sneitt í gegnum gler)



Grunnmynd
(sneitt í gegnum vegg)



Útlit vestur


Útlit norður



Sneiðing A


Útlit austur


Útlit suður

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
07. apríl 2021
Byggingarfulltrúi

| breyt. | dags. | teiknað | lýsing |
|---|---|---|---|
| A | 08.04.21 | GÖG | Útihurð og handslökkvitæki |
| B | 05.05.21 | GÖG | Þak hækkað og veggir breikkaðir |

**Skýringar:**

| | |
|---|---|
| GN | Gólfniðurfall |
| ÞN | Þakniðurfall |
| GK: | Gólfkóti |
| K: | Kóti |
| HSL | Handslökkvitæki |
| R | Reykskynjari |
| MHL. 03 | Matshlutanúmer |
| 0101 | Rýmisnúmer skv. skráningartöflu |
| | Byggingareitur |

20211318

# Útverk gróðurhús

## Aðalteikning

| | | | |
|---|---|---|---|
| VERKKAUPI: | Oddur Einarsson | | |
| KENNITALA VERKKAUPA: | 100751-3649 | | |
| HEIMILISFANG: | Útverk, Skeiðum, 804 Selfoss | | |
| LANDNÚMER: | L166499 | | |
| FASTANÚMER: | F2202123 | | |
| EFNI: | Afstöðumynd, grunnmyndir og útlit | | |
| MÆLIKVARÐI: | 1:100 | VERKNR: | 2117 |
| FRUMSTÆRÐ BLAÐS: | A2 | TEIKN. NR: | B100 |
| TEIKNAÐ: | GÖG | YFIRFARIÐ: | GÖG |
| DAGSETNING ÚTGÁFU: | 05.05.2021 | ENDURSK: | B |


AÐALHÖNNUÐUR: Grétar Örn Guðmundsson, arkitekt FAÍ
kt. 090485-2379
sími: 867 0660
gretar.gudmundsson@gmail.com


Grétar Örn Guðmundsson

*Öll mál í millimetrum, mælið ekki af teikningum.*
*Framkvæmdaraðili skal sannreyna öll mál á verkstað áður en framkvæmdir hefjast.*
*Misræmi í teikningum tilkynnist arkitektum strax.*
*Lesa skal teikningar með viðeigandi verklýsingum,*
*ásamt viðeigandi teikningum og verklýsingum annarra hönnuða*

1 0 1 5 10 M


*Teikninguna má ekki afrita með neinum hætti án skriflegs leyfis höfundar.*